Greinargerð

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls bera sveitarfélög ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu. Samkvæmt 10. gr. sömu laga skal mál sem notað er í starfsemi sveitarfélaga vera vandað, einfalt og skýrt. Samkvæmt 130. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skal sveitarstjórn móta sveitarfélaginu málstefnu í samráði við Íslenska málnefnd. Lögin tóku gildi 1. janúar 2012. Á vef Hafnarfjarðarbæjar eru birtar um tuttugu stefnur en málstefna er ekki þar á meðal.

Þar sem engin málstefna er til ræður sá sem skrifar hverju sinni málfari bæjarins. Í tíu síðustu fréttum á vef bæjarins þar sem almenningur er boðinn velkominn á viðburð, miðað við 13. nóvember 2026, stendur „öll velkomin“ í hverri einustu. „Allir velkomnir“ kemur ekki fyrir. Frá 1. október stendur „þau sem“ um óákveðinn hóp í fjórum fréttum en „þeir sem“ í engri. Notkunin er ekki samræmd. Í frétt 17. ágúst stendur „við hvetjum alla áhugasama“ en í tilkynningu til lóðarhafa 11. september „við hvetjum því öll“.

Í íslensku er karlkyn notað sem almennt kyn þegar vísað er til fólks almennt eða hóps af óákveðnu kyni, til dæmis „allir velkomnir“ og „enginn veit“. Hvorugkyn fleirtölu vísar hins vegar til tiltekins hóps sem er þekktur eða hefur verið nefndur, eins og í „verið þið öll velkomin“. Sú verkaskipting hefur gilt um aldir. Notkun hvorugkyns í stað karlkyns um óákveðinn hóp er nýjung sem tekin hefur verið upp af ásetningi á síðustu árum.

Í skýrslu um kynhlutlaust mál, sem unnin var að beiðni stjórnar Íslenskrar málnefndar árið 2021, eru rakin atriði sem mæla gegn því að víkja frá hefðbundinni notkun kynjanna. Þegar sumir taka upp nýja málnotkun en aðrir ekki getur það valdið misskilningi. Nýjungarnar geta verið torsóttar og framandi fyrir þá sem ólust upp við aðra málvenju. Ný málbeiting getur orðið stéttbundin og skilið á milli þeirra sem tala eftir eigin máltilfinningu og þeirra sem hafa tileinkað sér nýjungarnar. Loks er vísað til viðmiða um málstýringu, meðal annars um að stjórnvöld leggi ekki til breytingar sem stríða gegn málkerfinu.

Sveitarfélag talar til allra íbúa. Það fer best á því að opinberir aðilar haldi sig við hefðbundna málnotkun sem fólk þekkir og kann, og að breytingar á henni séu ekki gerðar nema kjörnir fulltrúar ákveði það.

Samþykktin tekur til efnis sem bærinn og stofnanir hans gefa út í eigin nafni. Hún breytir ekki hefðbundinni notkun hvorugkyns um þekktan hóp af fleiri en einu kyni, til dæmis „nemendur, foreldrar og starfsfólk eru velkomin“. Hún tekur hvorki til beinna tilvitnana né þess hvernig fjallað er um einstaklinga, og ekki til þess hvernig starfsfólk eða íbúar tala og skrifa í eigin nafni.

Við mótun málstefnu gefst jafnframt færi á að taka á öðru sem betur má fara í efni bæjarins, svo sem enskum heitum á viðburðum og villum í stafsetningu og beygingu. Gert er ráð fyrir að verkið verði unnið innan gildandi fjárheimilda.